

EFTIRLITSSKÝRSLA

Landeldi ehf. Laxabraut 21, 23 og 25



Dags eftirlits	6.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Landeldi ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Laxabraut 21, 23 og 25	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650417-1510	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Þorvaldur Arnarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Kristinn Marinósson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en þrjár ábendingar voru settar fram er varða að, uppfæra þarf áætlun vegna rekstrarstöðvunar en áætlun um varanlega rekstrarstöðvun vantar inn, að dagsetningar vantar á tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda og að áætlun um meðhöndlun úrgangs vantar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Landeldis ehf., Þorlákshöfn. Fiskeldisstöðin er landeldisstöð með leyfi fyrir eldi á laxfiskum í kerjum. Heimilt er að ala allt að 3.450t lífmassa í stöðinni á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir nýtt starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Umfang rekstrar og tengiliðir
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna, öryggisblöð
- Þjálfun starfsfólks, verklagsreglur og áætlanir
- Skráningar, vöktun og skýrslur
- Kynning á fylgiskjölum fundarboðsins
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið sem gefið var út þann 19. nóvember 2021. Minnt var á skiladaga skv. því og þær skyldur sem í starfsleyfinu felast. Þetta er fyrsta eftirlit til rekstraraðila á þessari staðsetningu en starfsemi hófst í stöðinni í apríl sl. Einnig var farið yfir upplýsingar um tengilið rekstraraðila og þær skráðar.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það útfyllt miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Fiskur er kominn í 4 ker en enn er verið að byggja á svæðinu. Áætlanir gera ráð fyrir að byggð verði 10 stk. 30m kör, tvö 24m ker og tvö 19m ker á svæðinu í þessum áfanga. Fyrsta slátrun er áætluð í desember nk. Minnt er á að ekki er heimild í starfsleyfi fyrir slátrun á fiski í stöðinni enda gerir umsókn rekstraraðila ekki ráð fyrir því að fiski sé slátrað á staðnum. Fóðurgjöf er sjálfvirk og er fóðri blásið frá fóðursiló, í gegnum rör og út í kerin. Nemi er í kerjunum sem gefur merki sé fóðurgjöf of mikil miðað við fóðurtöku fisksins og er þá fóðrun minnkuð til samræmis við það. Stöðin notast við Flow-through with re-use tækni sem á að hámarka nýtingu vatnsins.

Allar áætlanir sem kröfur eru um í starfsleyfi hafa verið sendar eftirlitsaðila. Þó er sett fram ábending um að áætlun vegna rekstrarstöðvunar þarf bæði að innihalda áætlun um varanlega rekstrarstöðvun sem og tímabundna rekstrarstöðvun skv. gr. 1.5 í starfsleyfi. Áætlunin sem send hefur verið eftirlitsaðila er einungis vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar. Minnt er á að uppfæra þarf áætlanirnar reglulega m.t.t. breytinga á verklagi, starfsmönnum og símanúmerum ef við á. Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. gr. 2.7 í starfsleyfi er til staðar en gildistíma tryggingarinnar vantar og er rekstraraðili beðinn um að senda staðfest afrit tryggingaskírteinis til eftirlitsaðila, þar sem gildistími tryggingarinnar kemur

fram.

Allur dauðfiskur er háfaður úr kerjunum, að lágmarki einu sinni á dag. Dauðfiskur er frystur og sendur til fódurgerðar. Ábending er sett fram um að áætlun um meðhöndlun úrgangs lá ekki fyrir er eftirlitið fór fram skv. gr. 3.10 í starfsleyfi og upplýsingar um úrgangsfæri dauðfisks óljósar. Hins vegar hefur verið gerður samningur um áburðarvinnslu úr seyrunni sem kemur úr tromlusíunum og verður seyran því nýtt sem áburður á svæði sem henta fyrir það. Óskað er eftir því að staðfesting frá MAST um skráningu nýs áburðar verði sent eftirlitsaðila.

Olía er geymd á ljósavél sem staðsett er inni í gámi og er tvöfaldur geymir um olíuna. Engin önnur mengandi efni eru geymd í stöðinni og engin lyf hafa verið notuð.

Mæla skal efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis tvisvar á ári skv. gr. 4.3 í starfsleyfi og er rekstraraðili minntur á þær mælingar. Sýnatökustaðir voru ræddir í eftirlitinu og fram kom að gerður hefur verið samningur við Lífsgleði ehf. um mælingarnar. Einnig er minnt á að skýrslum þarf að skila til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert skv. gr. 4.4 og 4.5 í starfsleyfi. Með skýrslunum skal einnig skila inn lífmassatölum stöðvarinnar, þar sem fram koma hæstu gildi fyrir hvern mánuð, úr skráningarkefi rekstraraðila. Fyrstu skil, fyrir árið 2022 þurfa að berast fyrir 1. maí 2023. Allar skráningar eru gerðar í FishTalk kerfinu.

Gengið var um stöðina en miklar byggingaframkvæmdir eru á lóðinni og aðgengi erfitt. Reiknað er með að stöðin verði komin í fullan rekstur næsta sumar. Færanlegur olúgeymir (kerra) var á byggingalóðinni, sem tilheyrir verktaka á svæðinu. Er olían ætluð til notkunar á vinnuvélar verktaka. Ómerktir efnabambar voru einnig á lóðinni en við eftirgrennslan kom í ljós að þeir tilheyrðu Jarðborunum Íslands sem voru að bora holur vegna vatnstöku stöðvarinnar. Í bömbunum var sápuefni sem ekki telst skaðlegt efni. Gengið var að tromlusíum en þær eru enn ekki komnar í virkni. Stefnt er á að þær verði tilbúnar fyrir lok árs 2022 og koma þær til með að sía allt frárennslis stöðvarinnar. Frá tromlusíunum rennur frárennslid út í settjörn og þaðan um tvo ála út í sjó. Gerð er krafa um ljósmyndatökur við útrásina tvisvar sinnum á ári skv. gr. 3.5 í starfsleyfi og er rekstraraðili minntur á að þær myndir skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila við eftirlit. Rekstraraðili er einnig minntur á að huga að góðum frágangi byggingarefna á byggingarsvæðinu og koma í veg fyrir fok á sem bestan hátt.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram þar sem áætlun um varanlega rekstrarstöðvun vantar en skv. gr. 1.5 í starfsleyfi þarf áætlun um rekstrarstöðvun bæði að ná til tímabundinnar rekstrarstöðvunar sem og varanlegrar rekstrarstöðvunar. Rekstraraðili sendi inn áætlun um varanlega rekstrarstöðvun að eftirliti loknu og er áætlunin samþykkt af eftirlitsaðila. Brugðist hefur því verið við þessari ábendingu.

Ábending er sett fram vegna tryggingar vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. gr. 2.7 í rekstrarleyfi en gildistíma tryggingarinnar vantar á skírteinið. Í raun koma engar dagsetningar fram á skírteininu og því einnig óljóst frá hvaða tíma tryggingin gildir. Eftirlitsaðila barst nýtt afrit tryggingaskýrteinis þann 6. okt sl. þar sem gildistími tryggingar kemur fram og hefur því verið brugðist við þessari ábendingu. Tryggingin er í gildi.

Ábending er einnig sett fram vegna gr. 3.9 í starfsleyfi þar sem áætlun um meðhöndlun úrgangs vantar.

ANNAD

Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá því starfsemin hófst.

Viðstaddur eftirlitið var einnig Þorgrímur St. Árnason, öryggisfulltrúi Landeldis.

Reykjavík, 11.10.2022

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.


Guðbjörg Stella Arnadóttir